

M-16/2011. Álit 4. ágúst 2011.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. ágúst gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-16/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 28. janúar sl. bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þremur barstólum. Barstólana keypti álitsbeiðandi í Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir stólana gallaða og fer fram á úrbætur sér að kostnaðarlausu eða að henni verði afhentir nýir sambærilegir stólar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. þann 1. júlí sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var frestur til að skila þeim veittur til 15. júlí. Seljandi óskaði eftir lengri fresti til að skila andsvörum, eða til 29. júlí. Varð kæruneftndin við þeirri beiðni seljanda og bærust andsvörin við lok þess tímafrests.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti þrjá hvíta barstóla hjá seljanda hinn 7. september 2008 fyrir samtals 41.940 krónur. Álitsbeiðandi segir að á reikningnum standi að um sé að ræða leðurstóla og hún hafi því keypt þá í þeirri trú. Álitsbeiðandi segir að allir stólarnir hafi sprungið á köntum og baki og af þeim sökum hafi hún kvartað við seljanda. Eftir nokkur tölvupóstskipti við seljanda segist álitsbeiðandi hafa fengið svohljóðandi tölvupóst: „Ég get tekið undir með þér að endingin sé ekki góð á þessu enda ekki um venjulegt leður að ræða, þó vissulega sé þetta kallað leður enda leður notað í sessurnar...“.

Álitsbeiðandi kveður seljanda loks hafa boðið sér að kaupa nýja stóla fyrir 14.000 krónur stykkið, eða samtals 42.000 krónur. Það getur álitsbeiðandi ekki sætt sig við og fer því fram á að bætt verði úr göllunum sér að kostnaðarlausu eða að fá afhenta nýja sambærilega barstóla.

IV

Andsvör seljanda

Ítarleg andsvör fyrir hönd seljanda bærust frá lögmannsstofu við lok viðbótarfrests sem veittur var til að skila andsvörum. Þar hafnar seljandi ábyrgð á gallanum, bæði vegna þess að ósannað sé að galli sé til staðar í skilningi 15. og 16. gr. neytendakaupalaga, en þó einkum vegna þess að kvörtunarfrestur vegna galla sé útrunninn sbr. 2. mgr. 27. gr. laganna. Seljandi hafnar því þar af leiðandi alfarið að um þessa tegund barstóla gildi fimm ára kvörtunarfrestur, enda sé um ódýra tegund stóla að ræða og gæði þeirra séu eðlilega minni en á dýrari stólum. Í andmælabréfi seljanda er áréttað að seljandi hafi boðið álitsbeiðanda að kaupa nýja stóla á kostnaðarverði verslunarinnar, sem nú er um 14.000 krónur stykkið. Því hafi álitsbeiðandi hins vegar hafnað og því sem málið nú komið á borð kæruneftndarinnar. Kæruneftndin telur óþarft að þylja upp með nákvæmum hætti öll rök seljanda í málinu, en telur rétt að vitna orðrétt í niðurlag andmælabréfsins sem dregur kjarna andvaranna nokkuð fram:

„Af ofangreindri umfjöllun má sjá að ekki væri sanngjarnt að gera sömu endingarkröfur til lágvara og sambærilegra vara sem fólk borgar e.t.v. fjórfalt verð fyrir eða meira. Ef svo væri, þyrfti umbjóðandi minn að taka slíkt með í verðreikning, eða jafnvel hætta sölu á ódýrum húsgögnum, þar sem slíkt myndi ekki borga sig.

Að lokum má benda á að komist kærunefndin að þeirri niðurstöðu að umræddir barstólar eigi undir undanþáguákvæði 2. másl. 2. mgr. 27. gr. nkpl., liggur samt sem áður ekkert fyrir um það hver kunní að vera orsök hins meinta galla og því með öllu ósannað að stólarnir séu gallaðir í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur málsaðila fellur undir lög um neytendakaup nr. 48/2003 (nkpl), sbr. 1. gr. þeirra laga.

Í 15. gr. laga um neytendakaup er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þarf að hafa. Í a-lið 1. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Þá segir í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. sömu laga segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Í 6. kafla laga um neytendakaup er fjallað um þau úrræði sem neytandi hefur ef söluhlutur reynist gallaður. Kemur fram í 27. gr. að neytandi þurfi að tilkynna um gallann innan tiltekinna tímamarka til að geta beitt þeim úrræðum sem lögin tiltaka. Segir svo í 2. mgr. 27. gr.:

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Í athugasemdum við 27. gr. frumvarpsins sem varð að neytendakaupalögum nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi:

„Reglunni er ætlað að styrkja rétt neytenda, enda getur tveggja ára reglan verið ströng í garð neytanda þegar um er að ræða leynda galla við kaup á hlut sem á að endast lengi. Það getur gerst að verulegir gallar komi ekki í ljós fyrr en löngu eftir afhendingu. Getur þá verið ósanngjarnt ef neytanda er með öllu ómögulegt að bera gallann fyrir sig ef hann tilkynnir um gallann innan hæfilegs tíma frá því að hann varð hans var.

Mat á því hversu langur endingartími söluhlut er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með

endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutnum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur verði úreltur vegna tækniframfara ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími söluhlutar er byggður á venjulegri notkun.“

Það er ljóst að endingartími stóla getur verið afar misjafn eftir tegundum og erfitt að slá því föstu hvað sé eðlilegt í þeim efnum. Í þessu máli er um að ræða stóla sem kvartað var yfir meira en tveimur árum eftir kaup. Veltur því niðurstaða málsins á því hvort um stólana gildi tveggja eða fimm ára kvörtunarfrestur, sbr. 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga. Það er álit kærunefndarinnar að um stólana þrjá gildi tveggja ára kvörtunarfrestur. Verður ekki fallist á að stólar af þeirri tegund, sem keypti voru á því verði og af þeim gæðum sem stólar þeir sem álitsbeiðandi keypti í byrjun september 2008 sé ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, eins og krafa er gerð um til að fimm ára kvörtunarfrestur eigi við. Þar af leiðandi er kvörtun álitsbeiðanda of seint fram komin og réttur til að bera fyrir sig galla á stólunum ekki til staðar.

VI

Álitsorð

Kröfum X er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Ólafur Reynir Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir